

Mánudagurinn 8. nóvember 1999 kl. 12:00

133. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 31/1999

**Auglýsingar Heildarnæringar ehf.**  
**„Naten er nóg!“**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. júlí 1999, var tekin ákvörðun nr. 21/1999 *Erindi Lyfjæftirlits ríkisins vegna auglýsinga Heildarnæringar ehf. á fæðubótarefninu Naten*. Í ákvörðunarorði segir:

*„Fullyrðingar Heildarnæringar ehf., Þjóttuseli 3, Reykjavík, um fæðubótarefnið Naten sem fram koma í auglýsingum, þ.e. „Naten er nóg!“ og að Naten sé lífrænt fæðubótarefni, ásamt þeim upplýsingum sem fram koma á umbúðum vörunnar um að Naten hafi áhrif á heilsu manna, fara gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“*

Ákvörðuninni var ekki áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

**2.**

Í erindi til Samkeppnisstofnunar, dags. 27. ágúst sl., bendir Lyfjæftirlit ríkisins stofnuninni á auglýsingu Heildarnæringar ehf. á fæðubótarefninu Naten sem birtist í Morgunblaðinu þennan sama dag. Í umræddri auglýsingu segir m.a. *„Naten – er nóg!“*. Áþekk auglýsing hafði einnig birst, þann 20. ágúst.

Þann 31. ágúst 1999 sendi Samkeppnisstofnun Heildarnæringu bréf þar sem m.a. sagði að stofnunin fengi ekki betur séð en að auglýsingar á Naten þar sem fram kæmi *„Naten – er nóg!“* færu gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1999. Jafnframt var óskað eftir sjónarmiðum Heildarnæringar.

### 3.

Svar Heildarnæringar barst í bréfi Gísla Guðna Hall hdl., dags. 13. september sl., en þar segir:

*„Þær auglýsingar, sem nefnd ákvörðun samkeppnisráðs fjallaði um, voru gjörólíkar þeim sem tilgreindar eru í bréfi þínu.*

*Naten er vörulína, sem samanstendur af mörgum tegundum, s.s. Naten 1-2-3, Naten Sport Extreme, Naten Aloe Vera o.s.frv. Í auglýsingum sem ákvörðun samkeppnisráðs tók til var eingöngu kynnt varan Naten 1-2-3.*

*„Naten er nóg“ hugsar umbjóðandi minn sem e.k. „slogan“ – til að séreinkenna vörulínu sína á markaði og vekja athygli á þeim. Ekki ósvipað „Bæjarins bestu“, „Goði – alltaf góður“, „Vaskur og vakandi, Eðal Ginseng“ o.s.frv.*

*Eftir að samkeppnisráð tók ákvörðunina nr. 21/1999 hefur umbj. m. aldrei gefið til kynna að sá sem taki Naten þurfi engin önnur næringar- eða bætiefni eða að Naten sé nóg í því sambandi. Það var það sem fyrirnefnd ákvörðun samkeppnisráðs gekk út á, eins og sést hvað skýrast á eftirfarandi forsendum:*

*„Þá hefur Heildarnæring fallist á að ekki séu rök fyrir að fullyrða að sá sem taki Naten þarfnist engra annarra vítamína eða fæðubótarefna eins og gert hefur verið í auglýsingum Naten. **Miðað við framangreint** (leturbr. GGH) og með vísan til umsagnar Manneldisráðs um innihald Naten, telur samkeppnisráð að fullyrðingin „Naten er nóg!“ sé villandi.““*

## II.

### Niðurstöður

#### 1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 8. nóvember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

#### 2.

Í auglýsingum þeim sem hér um ræðir notar Heildarnæring ehf. orðin „Naten er nóg!“ í auglýsingum á fæðubótarefninu Naten.

Í svari Heildarnæringar segir að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1999 hafi gengið út á hvort sá sem taki Naten þarfnist annarra vítamína eða fæðubótarefna. Samkeppnisráð tekur fram að þetta er ekki rétt. Ákvörðun samkeppnisráðs um fæðubótarefnið Naten fjallaði um fjögur aðskilin atriði, þ.e. hvort um væri að ræða lífrænt fæðubótarefni; hvort sá sem taki Naten þarfnist engra annarra vítamína eða fæðubótarefna; um „*Naten er nóg!*“ og um upplýsingar á umbúðum Naten um áhrif þess á líkamsstarfsemi. Við málsmeðferð viðurkenndi Heildarnæring að fyrirtækinu hafi ekki verið stætt á að auglýsa að sá sem taki Naten þarfnist engra annarra vítamína eða fæðubótarefna. Samkeppnisráð taldi því ekki ástæðu til að aðhafast hvað þetta atriði varðar. Aftur á móti segir í niðurstöðu ráðsins:

*„Þar sem afstaða Heildarnæringar til annarra atriða sem kvartað var yfir virðist enn í andstöðu við skoðun samkeppnisyfirvalda telur samkeppnisráð nauðsyn á að að úrskurða um þau atriði.“*

Ákvörðun samkeppnisráðs um þessi atriði, þ.m.t. „*Naten er nóg!*“, var að þau færu gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða samkeppnisráðs var studd umsögn Manneldisráðs Íslands og álitu auglýsinganefndar.

Í umsögn Manneldisráðs var m.a. svarað spurningunni: Er Naten nóg? Í svarinu segir:

*„...Raunar er bætiefnastyrkur í Naten það rýr að ef um matvæli væri að ræða mætti ekki einu sinni merkja flest bætiefnin á umbúðir vörunnar. Neysla á Naten fæðubótarefni kemur því að litlu gagni sem bætiefnagjafi og fjölmargar almennar fæðutegundir eru mun auðugri af næringarefnum. Fráleitt er að halda því fram að sá sem tekur Naten þurfi engin önnur vítamín eða fæðubótarefni.*

*Í ljósi ofangreinds er Naten síður en svo nóg.“*

Í álitu auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, sagði um „*Naten er nóg!*“:

*„Í auglýsingum á Naten segir m.a.: „Naten er nóg!“ . Auglýsinganefnd telur að slík fullyrðing gefi neytendum vísbendingu um að Naten fullnægi bætiefnaþörf líkamans. Miðað við það sem fram hefur komið í máli þessu, og með vísan til*

*umsagnar Manneldisráðs, telur auglýsinganefnd að staðfest sé að Naten er ekki nóg. Fullyrðingin er því villandi og brýtur gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.“*

Eins og áður hefur komið fram var ákvörðunarorð ákvörðunar samkeppnisráðs eftirfarandi:

*„Fullyrðingar Heildarnæringar ehf., Þjóttuseli 3, Reykjavík, um fæðubótarefnið Naten sem fram koma í auglýsingum, þ.e. „Naten er nóg!“ og að Naten sé lífrænt fæðubótarefni, ásamt þeim upplýsingum sem fram koma á umbúðum vörunnar um að Naten hafi áhrif á heilsu manna, fara gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“*

Þannig úrskurðaði samkeppnisráð, með ákvörðun nr. 21/1999, að „Naten er nóg!“ færi gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga. Þar sem Heildarnæring hefur haldið áfram ótilgreindri notkun á „Naten er nóg!“ og ekkert hefur komið fram um að Naten í hvaða formi sem er sé nóg, telur samkeppnisráð að fyrirtækið hafi aftur brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur því nauðsynlegt að banna fyrirtækinu notkun á „Naten er nóg!“.

Jafnframt vill samkeppnisráð taka fram, með vísan til þess rökstuðnings Heildarnæringar að sú auglýsing sem hér er fjallað um sé ólík fyrri auglýsingum og að margar tegundir séu til af Naten, að ákvörðun ráðsins nr. 21/1999 var ekki bundin ákveðinni auglýsingu né tegund Natens. Niðurstaða ráðsins var eins og fram kom í fyrirnefndri ákvörðun að fullyrðingar Heildarnæringar um Naten í auglýsingum, þ.m.t. „Naten er nóg!“, fari gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

Í málflutningi Heildarnæringar kemur fram að „Naten er nóg!“ sé nk. slagorð. Samkeppnisráð telur, með vísan til álits auglýsinganefndar um að umrædd orð gefi neytendum til kynna að efnið fullnægi bætiefnaþörf líkamans sem ekki er rétt, þá sé notkun „Naten er nóg!“ á hvaða hátt sem er villandi.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Auglýsingar Heildarnæringar ehf., Þjóttuseli 3, Reykjavík, á fæðubótarefninu Naten þar sem fram kemur „Naten er nóg!“ brjóta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1999.**

**Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 bannar samkeppnisráð Heildarnæringu að nota „Naten er nóg!“ í auglýsingum á fæðubótarefninu Naten. Bannið tekur gildi við birtingu.**

**Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga beitt.“**